

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Inngildandi félagsstarf í Menntaskólanum á Ísafirði

Nafn styrkþega: Menntaskólinn á Ísafirði

Útdráttur: Markmið verkefnisins felst í því að innleiða félagsstarf í Menntaskólanum á Ísafirði sem ýtir undir inngildingu ólíkra hópa, lýðræði og sjálfbærni. Er það gert hér í skólanum með því að innleiða fjölbreytt klúbbastarf sem hefur það að markmiði að ýta undir blöndun nemenda og stuðla að virkri notkun á íslensku máli í gegnum félagslega viðburði líkt og að deila hugmyndum, skoðunum og viðhorfum saman varðandi áhugamál. Lagt var upp með að finna leiðir til þess að búa til klúbbastarf sem væri áhugavert meðal nemenda með áherslu á nemendastýringu sem gæti skapað nýjar hefðir og ýtir undir fjölmenningu og fjölbreytni sem leggði grunn að inngildandi nemendastarfi. Nokkrir klúbbar hafa þegar hafið starfsemi. Eru það borðtennisklúbbur, tónlistarklúbbur, spilaklúbbur og listaklúbbur. Nemendur eru enn að mynda aðra klúbba sem munu hefja starfsemi á vorönn 2024. Nemendur hafa stofnað samfélagsmiðlasíður utan um sína klúbba og hefur myndast áhugi meðal nemenda fyrir frekari klúbbum. Stefnt er að bjóða fulltrúum klúbbanna í fræðslu og hópeflisferð á vorönn. Munu þau fá fræðslu um menningarnæmi, skipulag tómstundastarfs, inngildingu og samskipti svo eitthvað sé nefnt. Meðal þeirra áhrifa sem hægt er að greina er að nú þegar hefur verið ruddur ákveðinn vegur sem hefur kveikt á hugmyndavinnu og stofnun á fjölbreytileika í félagslífi nemenda í formi klúbbastarfs. Nemendur hafa af sjálfsdáðum hafið sína vinnu í því að stofna nýja klúbba og unnið af krafti að stofnun sem og að leita meðlima sem tilheyra sama áhugasviði. Þá hafa nemendur leitað leiða við kynningarstörf sem og að búa til samheldni innan klúbbanna.

Project Title: Inclusive social activity

Name of Grantee: Inclusive extra-curricular activities among students in Menntaskólinn of Ísafjörður

Abstract: The aim of the project is to implement extra-curricular activities in Menntaskólinn in Ísafjörður that promotes inclusive group participation with democracy and sustainability in the forefront. Is it done here at the school by introducing diverse club activities that encourage a wider-range of student mixing and promote the active use of the Icelandic language through social events, as well as sharing ideas, opinions and attitudes about leisure, activities and free time. The idea put forward is to find ways to create club

activities that would be interesting among students with an emphasis on student-led management that could create new traditions and promote multiculturalism and diversity that laid a new foundation for all-inclusive student activities. Several clubs have already started operations. There is a table tennis club, a music club, a gaming club and an art club. Students are still forming other clubs that will begin operations in the spring semester of 2024. Students have created social media pages around their clubs and there has been interest among students for more clubs. The plan is to invite representatives of the clubs to an educational and team building trip during the spring semester. Will they receive training on cultural sensitivity, organization of leisure activities, acceptance, communication to name a few. Among the effects that can be identified is that a certain path has already been paved, which has ignited conceptual work and the establishment of diversity in the social life of students in the form of club activities. Students have voluntarily started their work in starting new clubs and worked hard to establish as well as looking for members who belong to the same field of interest. The students have also looked for ways to do promotional work as well as to create a sense of community within the clubs.